

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 2 500.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

24. ágúst 1978.

Nr. 307.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness nr. 13 11. janúar 1978.

Frá og með 1. september 1978 er verðgildi gjaldstigs 1g=15.70 Samkvæmt því breytast verðákvæði I. og II. kafla gjaldskrárinnar þannig:

### I. KAFLI

#### RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### 1. Orku- og afltaxtar.

	g.	kr.
1.1. Um mestafilmæli eða markafilmæli:		
1.1.1. Orkuverð kWst. á .....	0.3	4.70
Orkuverð umfram stillingu markafilmælis kWst. á ..	3	47.10
1.1.2. Aflverð árskilóvatt á .....	1 600	25 120.00
1.1.3. Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. 1.4. ..	2 800	43 960.00

#### 2. Orkutaxtar.

2.1. Um kWst.-mæli:		
2.1.1. Orkuverð kWst. á .....	1	15.70
2.1.2. Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4. ....	600	9 420.00
2.1.2. Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4. ....	600	9 420.00
2.1.2. Fast árgjald = mæligjald, 1-fasa m., skv. 1.4. ....	300	4 710.00
Lágmark fyrir 21:5000 g/ári.		
2.2. Um kWst.-mæli:		
2.2.1. Orkuverð, allt að 1200 kWst./ári, kWst. á .....	3	47.10
Orkuverð, umfram 1200 kWst./ári, kWst. á .....	2	31.40
2.2.2. Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4. ....	600	9 420.00
Fast árgjald = mæligjald, 1-fasa m., skv. 1.4. ....	300	4 710.00

## 3. Tímataxtar.

## 3.1. Um kWst.-mæli til hitunar:

3.1.1. Án rofs kWst. á .....	0.61	9.58
3.1.2. Allt að 1½ klst. rof á sólarhring kWst. á .....	0.34	5.34
3.1.3. Allt að 2½ klst. rof á sólarhring kWst. á .....	0.32	5.02
3.1.4. Allt að 4½ klst. rof á sólarhring kWst. á .....	0.26	4.08
3.1.5. Allt að 14½ klst. rof á sólarhring kWst. á .....	0.18	2.83

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar og mælagjald skv. lið 1.4.

Taxtar 3.1 eru án söluskatts og verðjöfnunargjalds sem innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

## 4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Pegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. — Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kWst.

## II. KAFLI

## TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1 Gjald- skrár- liður	2 Málstraumur stofnvara í		3 Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	4 Tengigjald skv. jöfnu $g=3600+135 \times \text{kVA}$	
	220 V kerfi A	380 V kerfi A		gjalddstig g	Tengi- gjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 = 13	5 360	84 150
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 = 22	6 570	103 150
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 = 38	8 730	137 000
T 4		3 × 100	0.66 × 100 = 66	12 510	196 400
T 5	3 × 200		0.38 × 200 = 76	13 860	217 600
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 = 132	21 420	336 250
T 7		3 × 350	0.66 × 350 = 231	34 780	546 000
T 8			300	44 100	692 000
T 9			500	71 100	1 116 000
T 10			800	111 600	1 752 000

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1978.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*